



Akraneskaupstaður

Fastefli ehf.

Háholti 14  
270 Mosfellsbær

*Erindið sent með tölvupósti  
á netfangið [steindor@bfu.is](mailto:steindor@bfu.is)*

Akranesi, 06.09.2021  
2108070 HMÁ/bh

### Grenndarkynning

#### **Efni: Deiliskipulag Akratorgsreits - Suðurgata 93 breytt nýtingahlutfall**

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs sem haldinn var 30. ágúst 2021, var fjallað um umsókn House holding ehf. um að breyta nýtingahlutfalli á lóðinni úr 0,8 í 0,95. Aðrir skilmálar skipulagsins eru óbreyttir.

#### **Bókun skipulags- og umhverfisráðs:**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að breytingin verði grenndarkynnt í samræmi við 2.mgr.43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir fasteignaeigendum og lóðarhöfum við Suðurgötu 89, 90, 92, 94,97 og Sunnubraut 4, 6 og 8.

*43. gr. Grenndarkynning, 2.mgr.*

*Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 1. mgr. og skal þá fara fram grenndarkynning. Við mat á því hvort breyting á deiliskipulagi teljist óveruleg skal taka mið af því að hve miklu leyti tillagan vikur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis.*

Með vísun í 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er þér hér með veittur fjögurra vikna frestur til þess að tjá þig um fyrirhugaða breytingu. Grenndarkynningin hefst 8. september til og með 8. október 2021.

**Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skipulags- og umhverfisviðs að Stillholti 16-18 mánudaga-fimmtudaga frá kl. 09.00-15:00 og föstudaga frá 09.00-14.00, eða á netfangið [skipulag@akranes.is](mailto:skipulag@akranes.is)**

Ef þú hefur einhverjar athugasemdir við ofanskráð erindi skulu þær hafa borist skriflega í Þjónustuver Akraneskaupstaðar eigi síðar en 8. október 2021. Skipulags- og umhverfisráði er heimilt að stytta tímabil grenndarkynninga ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta lýsa skriflega með áritun á kynningargögn áður en 4 vikur eru liðnar, að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.



Akraneskaupstaður

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



Halla Marta Árnadóttir  
skipulagsfulltrúi

---

Undirritaðir eigendur Suðurgötu 92 og Suðurgötu 94 gera ekki athugasemd við ofangreinda breytingu á Suðurgötu 93

Akranesi \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
Nafn og kennitala

\_\_\_\_\_  
Nafn og kennitala